

Danska 7. bekkur

Kennarar: Sigríður Kjara Magnúsdóttir

7

Lýsing

Annað erlenda tungumálið sem nemendur læra í grunnskóla er danska eða annað Norðurlandamál. Hæfniviðmiðin eru sett fram í sex flokkum: Hlustun og áhorf, Lestur og lesskilningur, Samskipti, Frásögn, Ritun og Menningarläsi. Flokkarnir tengjast hver öðrum sem og öðrum námsgreinum. Dönskukennslan í 7. bekk styðst við 2. stigs hæfniviðmið aðalnámskrár. Kennsla í norsku eða sænsku stendur til boða nemendum sem hafa sérstök tengsl við Noreg eða Svíþjóð. Kennslan kemur þá í staðinn fyrir dönskunámið.

Tímabil

Skólaárið 2025-2026.

Yfirferð námsefnis

Í **Árgangsáætlun** fyrir dönsku 7. bekkja eru hæfniviðmið (námsmarkmið), námsefni (námsleiðir), námsmat (áætlun) og samþætting útlistuð. Hún er hluti af skólanámskrá Melaskóla, greinasviði. Árgangsáætlun, þ.e. kennsluáætlun árgangsins fyrir skólaárið, er kynnt nemendum og foreldrum á hópfund í að hausti (sbr.: *Námskynning*).

Árgangsáætlun er til grundvallar *vikúáætlunum* kennara (sjá sbr. Dagatal í Mentor).

Kennslustundir á viku: 2 (sbr. viðmiðunarstundaskrá).

Námsþættir og viðfangsefni í dönsku taka mið af *hæfniviðmiðum* árgangsins og leiðsagnarnámi. Nemendum er sagt *hvers vegna* þeir eru að læra ákveðin atriði, þ.e. upplýstir um hæfnina sem stefnt er að með náminu (sjá hæfniviðmið árgangsins). Kennsluáðferðir, námsefni og matsaðferðir (þ.e. hvernig, hvað og hvenær) taka mið af því.

Námsþættir og viðfangsefni í dönsku 7. bekkja á skólaárinu eru þessi:

- Hver er ég?
- Líkami minn
- Vikudagarnir
- Fjölskyldan
- Árstíðirnar
- Hvað er klukkan?
- Heimilið mitt
- Afmælisdagur

Kennsluáðferðir

Kennsluhættir (áherslur, kennsluáðferðir, vinnulag) í dönsku 7. bekkja taka mið af *leiðsagnarnámi*.

Melaskóli nýtir sér *fjölbreytta kennsluhætti* innan árgangsins til að styrkja dönsku, m.a.: markvissar innlagnir kennara, lestur og umræður, hlustun, áhorf og tjáningu, einstaklings- og hópverkefni, smíðjur og þemavinnu, samþættingu námsgreina, sköpun, leikræna tjáningu, samskiptaleiki, kannanir og próf.

Í upphafi er megináherslan á talað mál og hlustun en síðan er vægi lesturs og ritunar aukið, stig af stigi. Áhersla er á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, samvinnu og gagnrýna hugsun, að skapa jákvætt viðhorf til dönskunnar, að nemendur geti notað dönsku í raunverulegum aðstæðum og á menningu Dana til að auka víðsýni, skilning og umburðarlyndi.

Áhersla er jafnframt lögð á að nemendur læri um málkerfið og tileinki sér markvisst nýjan orðaforða. Umfjöllun um menningu annarra landa er vel til þess fallin að auka víðsýni, skilning og umburðarlyndi gagnvart öðrum og einnig skilning á eigin menningu. Aukin þekking á skyldleika

dönsku og íslensku er líkleg til að vekja áhuga og jákvætt viðhorf til tungumálanáms. Notaðar eru fjölbreyttar aðferðir til að námið nýtist sem best hverjum og einum. Sameiginlegt kjarnaefni er fyrir alla nemendur en einnig fá mismunandi einstaklingar fjölbreytt itarefni. Þá er upplýsinga- og tölvutæknin nýtt markvisst í kennslustundum (sbr. tölvuorðasöfn, hljóð- og myndefni o.fl.).

Grunnþættir menntunar:

Um grunnþætti menntunar, tengsl þeirra við stefnu, markmið og árgangaáherslur Melaskóla má lesa í almenna hluta skólanámskrárinnar (kaflar 2.1 og 2.2).

Námsaðlögun:

Hugmynda- og aðferðafræði leiðsagnarnáms er höfð að leiðarljósi til að koma til móts við mismunandi þarfir og getu nemandans, styrkja námshæfni, námshvöt og námsaðlögun hans með markvissri endurgjöf. Litið er á "mistök" sem námstækifæri, þ.e. mikilvægan þátt í námsaðlögun hvers og eins í skóla án aðgreiningar.

Námsmat

Námsmat í dönsku 7. bekkja byggir á *fjölbreyttu hæfni- og leiðsagnarmati*, t.d.: munnlegri endurgjöf - símati (vinnuframlag, samvinna, frágangur, ástundun) - sjálfsmati og jafningjamati - verkefnum (einstaklingsverkefni, hópverkefni) - vinnubókum - prófum-könnunum-skimunum (munnleg próf, stöðupróf, greinandi próf, framvindu- og lokapróf).

Fjölmörg *matsverkefni* í dönsku eru lögð fyrir nemendur á hverju skólaári eftir *leiðsagnarnám* í skilgreindum námslotum. Um leiðbeinandi stöðu- og framvindumat er að ræða, jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsmatið birtir *matsferil* nemenda sem er foreldrum aðgengilegur í Minn Mentor, upplýsinga- og tölvukerfi skólans.

Matskerfi Melaskóla fyrir 1. - 7. bekk grundvallast á hæfnieinkunum sem birtar eru með tveimur matskvörðum. Annars vegar er notaður *táknkvarði* með fjórum táknum almennt í öllum árgöngum, hins vegar *bókstafakvarði* með sex stöfum í lokahæfnimati í 4. og 7. bekk.

Námsmat í dönsku 7. bekkja er: hvetjandi, fjölbreytt, reglulegt, sanngjarnt, áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt, samræmt innan árganga og stíga. Það nær til þekkingar, leikni og hæfni. Það er í takt við hæfniviðmið, kennsluáherslur og tekur mið af nemendahópnum. Kennarar innan árganga vinna saman í teyminum að þessum markmiðum.

2025_Danska við lok 1. stigs - Ritun

- Skrifað á einföldu máli um efni sem hann þekkir vel.

2025_Danska við lok 2. stigs - Hlustun og áhorf

- Hlustað eftir aðalatriðum, greint þau og nýtt sér í námi sínu.

2025_Erlend tungumál við lok 2. stigs

- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

2025_Erlend tungumál við lok 2. stigs - Hlustun og áhorf

- Skilið talað mál og frásagnir um efni tengt námi hans og daglegu lífi, brugðist við þeim og nýtt sér í námi sínu

2025_Erlend tungumál við lok 2. stigs - Lestur og lesskilningur

- Fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Skilið megininntak rauntexata og unnið úr efni þeirra.
- Lesið og skilið texta við hæfi sem innihalda algengan orðaforða.
- Lesið sér til gagns og ánægju einfaldar smásögu og skáldsögu og unnið með efni þeirra.

2025_Erlend tungumál við lok 2. stigs - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu samtali um áhugamál sín og daglegt líf.
- Notað málið til samskipta í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.

2025_Erlend tungumál við lok 2. stigs - Frásögn

- Beitt málinu með nokkuð eðlilegum framburði og áherslum.
- Undirbúið og flutt frásögn eða kynningu og brugðist við einföldum spurningum.

2025_Erlend tungumál við lok 2. stigs - Ritun

- Lýst atburðarás eða reynslu með orðaforða sem unnið hefur verið með.

- Beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt og skapað samhengi í texta.
- Samið einfalda texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.

- Det er min person! - Ritunarverkefni

Det er min person! *Ritunarverkefni*

Námsmarkmið - að nemedur geti:

- skrifað samfelldan texta á dönsku með einföldum setningum.
- notað algengan orðaforða í eigin texta.
- fylgt fyrirmælum, nýtt sér dæmi úr náminu og fundið lykilupplýsingar.
- tengt setningar saman þannig að textinn sé skýr og lesanda skiljanlegur.

Árangursviðmið eru:

- Nemendur velja sér dúkkulísur sem þeir hanna og vinna með (t.d. föt, liti o.fl.).
- Þeir skrifa stuttan texta (5–6 setningar) þar sem þeir lýsa persónunni: nafni, aldri, búsetu, fatnaði og útliti.

Hæfniviðmið eru:

- Fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt sér í verkefnavinnu
- Samið einfalda texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín

- Det er min person! - viðtal

Lýsing

Nemendur taka viðtal hvor við annan og spyrja spurninga um um persónurnar sem þau sköpuðu í fyrra verkefni (nafn, aldur, búseta, föt, útlit).

Námsmarkmið

að nemedur geti:

- kynnt persónu með einföldum setningum á dönsku (nafn, aldur, búseta, föt, útlit)
- svarað einföldum spurningum frá samnemanda um persónuna sína.
- hlustað og spurt einfaldar spurningar sem tengjast efninu.
- notað einfaldan orðaforða og framburð þannig að aðrir skilji.

Hæfniviðmið

Frásögn: undirbúið og flutt frásögn eða kynningu og brugðist við einföldum spurningum.

Hlustun og áhorf: skilið talað mál og frásagnir um efni tengt námi hans og daglegu lífi, brugðist við þeim og nýtt sér í námi sínu.

Matsaðferð

Kennari metur kynningarnar og nemendur gera sjálfsmat

- Mit værelse - ritunarverkefni

Lýsing

Nemendur taka ljósmynd af eigin herbergi og skrifa stuttan texta þar sem þau lýsa herberginu sínu á dönsku.

Í verkefninu á að koma fram hvar herbergið er staðsett, hvernig það lítur út, hvaða litir eru í því og hvaða hlutir eða húsgögn eru að finna þar.

Námsmarkmið

að nemendur geti:

- skrifað einfaldan texta á dönsku um eigið umhverfi.
- notað algengan orðaforða sem tengist heimili, herbergi, litum og húsgögnum.
- lesið og nýtt sér fyrirmyndir og orðalista við vinnu verkefnisins.
- nýtt tæki og hugbúnað til að taka ljósmynd, vinna hana og setja verkefnið fram.

Hæfniviðmið

- **Lestur og lesskilningur:** lesið og skilið texta við hæfi sem innihalda algengan orðaforða.
- **Ritun:** skrifað á einföldu máli um efni sem hann þekkir vel.
- **Upplýsingatækni:** geta nýtt tæki og hugbúnað við einfalda hönnun, myndvinnslu og myndsköpun.

- Könnun í hlustunarskilningi

Nemendur hlusta á tvö símtöl á dönsku og svara spurningum úr efni samtalana.

Ekki er dregið niður fyrir stafsetningu því aðeins er verið að athuga skilning á töluðu máli.



Start - nemendabók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/start_nembok/)



Start nemendabók

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/start_nembok/)



Start vinnubók

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/start_vb/)



Smart nemendabók

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/smart_nem/)



Smart vinnubók

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/smart_vb/)



Start

námsefni í dönsku fyrir miðstig grunnskóla

(<https://mms.is/namsefni/start-nemendabok-rafbok>)



Start

START er námsefni í dönsku fyrir miðstig grunnskóla.